



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Umræðuskjal

nr. 2/2014

Drög að reglum um tryggilega varðveislu fjármuna rafeyrisfyrirtækja

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 6. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna reglugragna þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

20. febrúar 2014

# REGLUR

## um tryggilega varðveislu fjármuna rafeyrisfyrirtækja.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um rafeyrisfyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi til að gefa út rafeyri skv. III kafla, laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013.

### 2. gr.

#### *Skylda til að varðveita fjármuni með tryggilegum hætti.*

Rafeyrisfyrirtæki skal varðveita með tryggilegum hætti þá fjármuni sem móttæknir hafa verið í skiptum fyrir rafeyri. Fjármunir teljast tryggilega varðveittir ef þeir eru geymdir á innlánsreikningi hjá fjármálafyrirtæki eða ef fjárfest er með þeim í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum, sbr. 4. gr. þessara reglna.

Fjármunir sem rafeyrisfyrirtæki veitir viðtöku í formi greiðslu með greiðslumiðli skulu varðveittir í samræmi við 1. mgr. frá þeim tíma sem þeir eru lagðir inn á greiðslureikning rafeyrisfyrirtækisins, eða þeir eru aðgengilegir því til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði laga um greiðsluþjónustu um framkvæmdartíma, og í síðasta lagi innan fimm viðskiptadaga, í skilningi laga um greiðsluþjónustu, frá útgáfu rafeyris. Hvað sem öðru líður skulu slíkir fjármunir varðveittir tryggilega eigi síðar en fimm viðskiptadögum síðar, eins og þeir eru skilgreindir í 29. tölul. 8. gr. laga um greiðsluþjónustu, eftir útgáfu rafeyris.

### 3. gr.

#### *Fjárhagslegur aðskilnaður.*

Fjármuni sem rafeyrisfyrirtæki varðveitir skv. 2. gr. skal fyrirtækið halda skýrt aðgreindum frá eigin fé sínu.

Fjármunir sem rafeyrisfyrirtæki varðveitir skv. 2. gr. skulu teljast sértökukröfur í þrotabú rafeyrisfyrirtækis komi til gjaldþrots. Um réttshæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim

### 4. gr.

#### *Heimilur fjárfestingar fjármuna sem teljast tryggilega varðveittir.*

Fjármunir skv. 1. mgr. 3. gr. skulu lagðir inn á fjárvörslureikning hjá fjármálafyrirtæki eða festir í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum.

Með öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum skv. 1. mgr. er átt við lausafjáreignir sem falla undir stig 1, skv. reglum Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall.

Til öruggra, seljanlegra og áhættulítilla eigna skv. 1. mgr. teljast eignaliðir sem falla undir einn af flokkunum sem settir eru fram í töflu 1 í 14. lið í viðauka I við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB, sbr. 55. gr. B reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, þar sem gjald fyrir tiltekið áhættufjármagn er 1,6% að hámarki, að undanskildum öðrum fullgildum liðum eins og þeir eru skilgreindir í 15. lið þess viðauka.

Til öruggra, seljanlegra og áhættulítilla eigna skv. 1. mgr. teljast einnig fjárfestingar í verðbréfasjóðum (UCITS), sem fjárfesta eingöngu í eignum sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Ef fjárfest er í verðbréfasjóðum (UCITS) skv. þessari grein skal þó bætt við 10% tryggingarálagi.

5. gr.

*Vátryggingarsamningur eða ábyrgð.*

Rafeyrisfyrirtæki er heimilt að tryggja fjármuni sem stofnunin tekur við í skiptum fyrir rafeyri, í stað þess að varðveita fjármuni í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. þessara reglna. Slík trygging getur falist í vátryggingarsamningi eða einhverri sambærilegri ábyrgð vátryggingafélags eða fjármálafyrirtækis. Fjárhæð slíks samnings eða sambærilegrar ábyrgðar skal vera jafn há þeirri upphæð sem rafeyrisfyrirtæki myndi greiða út skv. ákvæðum 3. gr. og 4. gr., væri stofnunin ófær um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Rafeyrisfyrirtæki er óheimilt að tryggja fjármuni skv. 1. mgr. með samningum við vátryggingarfélag eða fjármálafyrirtæki sem tilheyrir sömu samstæðu og rafeyrisfyrirtækið sjálft.

6. gr.

*Skyldur vegna greiðsluþjónustu.*

Rafeyrisfyrirtæki sem hefur heimild til að veita greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013, skal halda fjármunum, sem mótteknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum vegna framkvæmdar greiðslu, skýrt aðgreindum frá eigin fé rafeyrisfyrirtækisins, og fjármunum í eigu annarra en notenda greiðsluþjónustu.

Rafeyrisfyrirtæki sem hefur heimild til að veita greiðsluþjónustu, skv. 1. mgr., skal einnig varðveita fjármuni vegna þeirrar þjónustu með tryggum hætti og í samræmi við reglur um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana.

7. gr.

*Tilkynningaskylda vegna breytinga.*

Rafeyrisfyrirtæki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um breytingar sem máli skipta hvað varðar ráðstafanir til varðveislu fjármuna samkvæmt þessum reglum.

8. gr.

*Yfirlýsing til Fjármálaeftirlitsins.*

Rafeyrisfyrirtæki skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á liðnu ári. Staða vörslufjár á reikningnum skal ekki vera lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi.

9. gr.

*Gildistaka.*

Með reglum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB, um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim. Reglur þessar sem settar eru með heimild í 6. mgr. 25. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, [dd. mmmm áááá]*

**Unnur Gunnarsdóttir**

Halldóra E. Ólafsdóttir